

FUNDARGERÐ

Árið 2019, föstudaginn 15. febrúar kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir, formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Líf Magneudóttir (í fjarveru Birgis Björns Sigurjónssonar), Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð, Hrafnkeli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen.

Að auki sat fundinn Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri undir 3. lið.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 30. janúar 2019

Lögð var fram fundargerð frá 30. janúar 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 30. janúar 2019 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2019

Lögð voru fram til kynningar og afgreiðslu uppfærð drög greiðslu- og rekstraráætlunar fyrir árið 2019 á grundvelli upplýsinga um áætlaðar tekjur ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 781 ma.kr. og að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2018 verði 1.547 ma.kr.

Drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2019 samþykkt án athugasemda.

3. Sameiningar sveitarfélaga

Aukinn stuðningur – nýjar reglur

Lagt var fram til kynningar tillögur að nýjum reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sameiningar sveitarfélaga. Markmið breytinganna er fyrst og fremst að stórauka fjárhagslegan stuðning við sameiningar frá því sem gert er í núverandi reglugerð nr. 195/2003.

Tillögurnar snúa helst að breyttri aðferðarfræði við útreikning skuldajöfnunarframlags á þann hátt að mun fleiri sveitarfélög reiknast með framlag en í núverandi reglum. Með því geta sveitarfélög lækkað skuldastöðu sína sem styrkir um leið fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Jafnframt er lagt til að hækka framlög er tengjast endurskipulagningar á þjónustu og stjórnsýslu. Í stað þess að þau framlög verði á grundvelli umsókna þá verður greitt fast framlag til hvers sveitarfélags óháð stærð.

Nefndin tók jákvætt í tillögurnar og var sammála um að þessar breytingar munu koma sveitarfélögum til góðs og leiða til eflingar sveitarstjórnarstigsins.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

4. Greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2019

Lögð voru fram til kynningar og afgreiðslu drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2019 vegna yfirfærslu grunnskólans. Áætluð framlög vegna yfirfærslu grunnskólans eru um 13 m.kr. á árinu 2019, þar af um 9,2 ma.kr. sem fara í almenn framlög.

Nefndin samþykkti framlögð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2019 vegna yfirfærslu grunnskólans.

5. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál

Uppfærð áætlun 2019

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að uppfærðri áætlun 2019 um framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi, dags. 13. febrúar 2019.

Nýir nemendur á lista eru 106 í 17 sveitarfélögum og þá fá 73 nemendur í 12 sveitarfélögum ekki lengur kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Í heildina er þetta því fjölgun um 33 nemendur. Samtals er greitt með 2.736 nemendum í 54 sveitarfélögum og er framlag á hvern nemenda 130.000 kr., heildarframlag er því um 355,7 m.kr. fyrir árið 2019. Til viðbótar kemur framlag til Menntamálastofnunar að fjárhæð 17,5 m.kr.

Nefndin samþykkti uppfærða áætlun 2019 um framlag vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál að fjárhæð 373.180.000 kr.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

6. Greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2019

Lögð voru fram til kynningar og afgreiðslu drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2019 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Áætluð framlög vegna málefna fatlaðs fólks er um 18,6 ma.kr. á árinu 2019, þar af eru um 17,2 ma.kr. sem fara í almenn framlög.

Nefndin samþykkti framlögð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2019 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.

7. Rekstrarafkoma þjónustusvæða

Uppgjör 2011 – 2017

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir rekstrarafkomu þjónustusvæða á tímabilinu 2011-2017. Fram kemur að rekstrarafkoman hafi verið með viðunandi hætti fyrstu árin en frá því árið 2014 hafi verið hallarekstur á málaflokknum.

8. Reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs

Lögð var fram til kynningar reglugerð nr. 460/2018 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem tók gildi í maí 2018. Fasteignasjóður veitir framlög til sveitarfélaga til uppbyggingar eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk. Framlögin skiptast í fimm liði skv. 2. gr. reglugerðar sem í stuttu máli eru:

- a) Hlutdeild í stofnframlagi.
- b) Íþyngjandi kostnaður vegna langtímaleigusamninga.
- c) Nauðsynlegar endurbætur á eldra íbúðarhúsnæði.
- d) Til byggingar hæfingarstöðva.
- e) Önnur framlög.

9. Framlög úr Fasteignasjóði 2018

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir samþykkt framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs á árinu 2018 á grundvelli reglugerðar nr. 460/2018. Búið er að samþykkja þrjú verkefni á grundvelli a. liðar (hlutdeild í stofnframlagi), í nýu sveitarfélögum vegna b. liðar (íþyngjandi langtímaleigusamningar), tvö verkefni vegna c. liðar (nauðsynlegar endurbætur á eldra húsnæði), fjórar á grundvelli d. liðar (hæfingarstöðvar) og eitt verkefni sem fellur undir e. lið önnur framlög. Samanlagt er þetta því 19 verkefni sem fá framlög og er samþykkt heildarfjárhæð um 227 m.kr. á árinu 2018.

10. Önnur mál

Fundi slitið kl. 15:00

Næsti fundur nefndarinnar er 28. mars kl. 12:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Líf Magneudóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson